

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2023/923

2024/EES/41/22

frá 3. maí 2023

**um breytingu á XVII. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006
að því er varðar blý og efnasambönd þess í pólývínýlklóríði (*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 frá 18. desember 2006 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir, að því er varðar efni (efnareglurnar (REACH)), um stofnun Efnastofnunar Evrópu, um breytingu á tilskipun 1999/45/EB og um niðurfellingu á reglugerð ráðsins (EB) nr. 793/93 og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1488/94, sem og tilskipun ráðsins 76/769/EBE og tilskipunum framkvæmdastjórnarinnar 91/155/EBE, 93/67/EBE, 93/105/EB og 2000/21/EB ⁽¹⁾, einkum 1. mgr. 68. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Hinn 16. desember 2016 lagði Efnastofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Efnastofnunin) fram málsskjöl ⁽²⁾, að beiðni framkvæmdastjórnarinnar, skv. 1. mgr. 69. gr. reglugerðar (EB) nr. 1907/2006 (hér á eftir nefnd málsskjölin skv. XV. viðauka) þar sem sýnt var fram á að losun blýs úr hlutum sem eru framleiddir úr fjölliðum eða samfjölliðum úr vínýlklóríði (pólývínýlklóríði) sem innihalda blýstöðgara stuðlar beint og óbeint, á vistferli sínum, að váhrifum á menn af völdum blýs. Efnastofnunin lagði til í málsskjölunum skv. XV. viðauka að takmarka setningu á markað eða notkun blýs í hluti sem eru framleiddir úr pólývínýlklóríði ef styrkur blýs er jafn eða meiri en 0,1% miðað við þyngd pólývínýlklóríðefniviðarins. Að teknu tilliti til þess að blýsambönd geta ekki stöðgað pólývínýlklóríð með skilvirkum hætti í styrk sem er undir u.þ.b. 0,5% miðað við þyngd ættu tillögð styrkleikamörk að tryggja að viðbót blýsambanda af ásettu ráði sem stöðgara við blöndun pólývínýlklóríðs geti ekki lengur átt sér stað í Sambandinu. Í málsskjölunum skv. XV. viðauka tók Efnastofnunin einnig með nokkrar undanþágur frá þessari tillögðu takmörkun, einkum fyrir hluti úr pólývínýlklóríði sem innihalda endurheimt pólývínýlklóríð. „Endurheimt“ er notað í samræmi við skilgreininguna á „endurnýting efniviðar“ í 15. lið a í 3. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2008/98/EB ⁽³⁾.
- 2) Blý er eitrefni sem hefur áhrif á þroskun taugakerfisins, leiðir af sér langvinnan nýrnasjúkdóm og hefur skaðleg áhrif á blóðþrýsting. Þó svo að engin viðmiðunarmörk hafi verið fastsett fyrir taugaþroskunarfræðileg áhrif hjá börnum og fyrir áhrif á nýru samkvæmt Matvælaöryggisstofnun Evrópu fara núverandi váhrif á menn af völdum blýs í matvælum og öðrum gjöfum ennþá yfir þolanleg váhrifastig og leiða til skaðlegra taugaþroskunarfræðilegra áhrifa hjá börnum ⁽⁴⁾.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 123, 8.5.2023, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 91/2024 frá 26. apríl 2024 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (bíður birtingar).

(1) Stjtið. ESB L 396, 30.12.2006, bls. 1.

(2) <https://echa.europa.eu/documents/10162/e70aec23-157b-b2a4-2cae-c42a1278072c> (report); <https://echa.europa.eu/documents/10162/cc1c37a8-22f9-7a7a-cb33-5c29edba7094> (annex).

(3) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2008/98/EB frá 19. nóvember 2008 um úrgang og um niðurfellingu tiltekinna tilskipana (Stjtið. ESB L 312, 22.11.2008, bls. 3).

(4) Visindalegt álit sérfræðinganeftdar Matvælaöryggisstofnunar Evrópu um aðskotaefni í matvælaferlinu (CONTAM) um blý í matvælum (Scientific Opinion on Lead in Food). *Tiðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2010 8(4), 1570.

- 3) Blýstöðgarar auka varmafræðilegan stöðugleika pólývínýlklóríðs við blöndun og framleiðslu á hlutum. Þeir verja einnig pólývínýlklóríð gegn ljósniðurbroti. Iðnaðurinn í Sambandinu hætti sjálfviljugur í áföngum að nota blýstöðgara við blöndun pólývínýlklóríðs og hluta úr pólývínýlklóríði og greindi frá því að ferlinu hefði lokið á fullnægjandi hátt árið 2015 ⁽⁵⁾. Hlutar úr pólývínýlklóríði sem innihalda blý, einkum byggingarvörur, eru með langan endingartíma, eru í notkun í nokkra áratugi, eftir það verða þeir að úrgangi við förgun og geta farið í endurvinnslu og þar með getur blýið mögulega komið inn aftur í vörur með endurheimtu pólývínýlklóríði. Í málsskjölunum skv. XV. viðauka kom fram að vegna þess að hætt var í áföngum að nota blýstöðgara í Sambandinu var hægt að rekja 90% af áætlaðri heildarlosun blýs úr hlutum úr pólývínýlklóríði í Sambandinu á árinu 2016 til innfluttra hluta úr pólývínýlklóríði.
- 4) Til að greiða fyrir framfylgd tillögðu takmörkunarinnar þykir rétt að takmarka allt blý sem er fyrir hendi í pólývínýlklóríði, óháð fyrirhugaðri virkni þess.
- 5) Hinn 5. desember 2017 samþykkti áhættumatsnefnd Efnastofnunarinnar lokaálit sitt ⁽⁶⁾ og komst að þeirri niðurstöðu að takmörkunin sem Efnastofnunin lagði til sé heppilegasta ráðstöfunin á vettvangi Sambandsins til að bregðast við greindu áhættunum, sem stafa af blýsamböndum sem eru fyrir hendi sem stöðgarar í hlutum úr pólývínýlklóríði, með tilliti til árangurs við að draga úr slíkri áhættu, framkvæmanleika og vöktunarmöguleika.
- 6) Áhættumatsnefnd Efnastofnunarinnar lagði til bann við því að nota blý, í hvaða styrk sem er, í hluti úr pólývínýlklóríði. Áhættumatsnefnd Efnastofnunarinnar var einnig sammála Efnastofnuninni um að mæla ætti fyrir um undanþágu fyrir hluti úr pólývínýlklóríði sem innihalda endurheimt pólývínýlklóríð. Þó lagði áhættumatsnefnd Efnastofnunarinnar til að fastsetja ætti hærri mörk fyrir blýinnihald í tilteknum hlutum úr pólývínýlklóríði sem innihalda endurheimt stíft og sveigjanlegt pólývínýlklóríð, eftir því sem við á, við 2% og 1% miðað við þyngd. Í þessari tillögu var tekið mið af því mati að staðgöngukosturinn fyrir endurvinnslu á slíkum hlutum, þ.e. förgun pólývínýlklóríðúrgangs með urðun og brennslu, myndi auka losun út í umhverfið og ekki draga úr áhættunni. Í mismunandi mörkum sem lögð voru til var tekið tillit til áætlaðs meðalblýinnihalds í stífum og sveigjanlegum pólývínýlklóríðúrgangi á árinu 2013, áætlaðra áhrifa á endurvinnslumagn og þeirrar staðreyndar að vitað er að losun blýs frá sveigjanlegu pólývínýlklóríði er meiri en frá stífu pólývínýlklóríði. Tekið var tilhlýðilegt tillit til þeirrar staðreyndar að sumir hlutar innihalda mikið magn af endurheimtu pólývínýlklóríði sem getur numið allt að 100%, miðað við þyngd, af pólývínýlklóríði í fullunna hlutum.
- 7) Hinn 15. mars 2018 samþykkti nefnd Efnastofnunarinnar um félagshagfræðilega greiningu lokaálit sitt ⁽⁷⁾ þar sem hún komst að þeirri niðurstöðu að takmörkunin sem Efnastofnunin lagði til, eins og henni var breytt bæði af áhættumatsnefndinni og nefndinni um félagshagfræðilega greiningu, væri heppilegasta ráðstöfunin á vettvangi Sambandsins til að bregðast við greindu áhættunni, með hliðsjón af félagslegum og hagrænum ávinningi hennar og félagslegum og hagrænum kostnaði af henni. Nefnd Efnastofnunarinnar um félagshagfræðilega greiningu komst að þessari niðurstöðu byggt á bestu tiltæku sönnunum, að teknu tillit til eiginleika blýs sem eiturefnis án viðmiðunarmarka og áhrifa þess á heilbrigði manna og viðráðanleika kostnaðar sem tengist tillögðu takmörkuninni. Nefnd Efnastofnunarinnar um félagshagfræðilega greiningu taldi að hentugir staðgöngukostir væru víða tiltækir og þegar notaðir í Sambandinu. Hún tók einnig tillit til kostnaðarhagkvæmni takmörkunarinnar. Að lokum komst hún að þeirri niðurstöðu að jafnvel takmörkuð áhrif á heilbrigði manna með tilliti til lækkunar á greindarvísitölu myndu nægja til að vega upp á móti kostnaðinum af takmörkuninni.
- 8) Nefnd Efnastofnunarinnar um félagshagfræðilega greiningu var sammála tillögunni í málsskjölunum skv. XV. viðauka um að þegar tekið væri tillit til framreiknaðrar þróunar á styrk blýs í endurheimtu pólývínýlklóríði myndi sá styrkur minnka verulega fram til 2035–2040 þannig að hlutir úr pólývínýlklóríði, sem innihalda endurheimt pólývínýlklóríð, verða orðnir í samræmi við tillögð almenn styrkleikamörk fyrir blý sem nema 0,1%. Þess vegna ætti undanþágan fyrir tiltekna hluti úr pólývínýlklóríði sem innihalda endurheimt pólývínýlklóríð að gilda í 15 ár frá því að takmörkunin öðlast gildi. Nefnd Efnastofnunarinnar um félagshagfræðilega greiningu var enn fremur sammála um að til þess að taka tillit til óvissu að því er varðar framtíðarþróun varðandi magn pólývínýlklóríðúrgangs sem fer í endurvinnslu og blýinnihald hans ætti að endurmeta þennan gildistíma takmörkunarinnar innan 10 ára frá því að hún öðlast gildi. Í samræmi við markmið aðgerðaáætlunar ESB um hringrásarhagkerfið fyrir 2015 ⁽⁸⁾ til að stuðla að óeitruðum efniviðahringrásum og viðhalda öflugri vernd fyrir heilbrigði manna og umhverfið taldi framkvæmdastjórnin að endurmeta ætti gildistímann innan sjö og hálfs árs frá því að takmörkunin öðlast gildi.

⁽⁵⁾ „VinylPlus progress report of 2017“, bls. 14; sjá https://vinylplus.eu/uploads/downloads/VinylPlus_Progress_Report_2017.pdf

⁽⁶⁾ <https://echa.europa.eu/documents/10162/86b00b9e-2852-d8d4-5fd7-be1e747ad7fa>

⁽⁷⁾ <https://echa.europa.eu/documents/10162/86b00b9e-2852-d8d4-5fd7-be1e747ad7fa>

⁽⁸⁾ Orðsending framkvæmdastjórnarinnar til Evrópuþingsins, ráðsins, efnahags- og félagsmálanefndar Evrópusambandsins og svæðanefndarinnar. Hringnum lokað – aðgerðaáætlun ESB um hringrásarhagkerfið. COM/2015/0614 lokagerð.

- 9) Haft var samráð við gagnaskiptatorg Efnastofnunarinnar vegna framkvæmdar varðandi tillögðu takmörkunina og tekið var tillit til álits þess sem leiddi til breyttrar lýsingar á gildissviðinu og á undanþágunum frá tillögðu takmörkuninni.
- 10) Hinn 26. apríl 2018 lagði Efnastofnunin lokaálit áhættumatsnefndar Efnastofnunarinnar og nefndar Efnastofnunarinnar um félagshagfræðilega greiningu fyrir framkvæmdastjórnina.
- 11) Að teknu tilliti til málsskjalana skv. XV. viðauka og álita áhættumatsnefndar Efnastofnunarinnar og nefndar Efnastofnunarinnar um félagshagfræðilega greiningu og að teknu tilliti til þess að blý í hlutum úr pólývínýlklóríði skapar óviðunandi áhættu fyrir heilbrigði manna lagði framkvæmdastjórnin til drög að reglugerð framkvæmdastjórnarinnar um takmörkun á notkun blýs og efnasambanda þess, í hvaða styrk sem er, í hlutum úr pólývínýlklóríði og á setningu blýs og efnasambanda þess í hlutum úr pólývínýlklóríði á markað í styrk sem er jafn eða meiri en 0,1% miðað við þyngd pólývínýlklóríðefniviðarins (hér á eftir nefnd drögin að reglugerðinni). Drögin að reglugerðinni fengu jákvætt álit frá nefndinni sem komið var á fót skv. 133. gr. reglugerðar (EB) nr. 1907/2006 20. nóvember 2019.
- 12) Í samræmi við reglunefndarmeðferð með grannskoðun sem um getur í 4. mgr. 133. gr. reglugerðar (EB) nr. 1907/2006 samþykkti allsherjarfundur Evrópuþingsins ályktun 12. febrúar 2020 ⁽⁹⁾ þar sem drögunum að reglugerðinni var andmælt. Af þessum sökum samþykkti framkvæmdastjórnin ekki drögin að reglugerðinni.
- 13) Í ályktun sinni fór þingið fram á að framkvæmdastjórnin felldi brott undanþágurnar fyrir endurheimt pólývínýlklóríð þar eð þær myndu leiða til yfirfærslu blýs í nýjar vörur. Þingið fór einnig fram á að undanþágan fyrir tvö blýfastlitarefni, sem falla undir fyrirkomulag leyfisveitingar samkvæmt efnareglureglugerðinni, yrði felld brott. Enn fremur var farið fram á að framkvæmdastjórnin felldi brott tillagðar kröfur um merkingu hluta úr pólývínýlklóríði sem innihalda endurheimt pólývínýlklóríð þar eð þingið taldi þær villandi og að þær endurspegluðu ekki að endurheimt pólývínýlklóríð inniheldur meira magn af blýi en nýlega framleitt pólývínýlklóríð. Að lokum fór þingið fram á að framkvæmdastjórnin stytta tillagða umbreytingartímabilið þangað til ákvæði reglugerðarinnar skulu koma til framkvæmda.
- 14) Framkvæmdastjórnin mat ályktun þingsins vandlega og viðurkenndi að þörf væri á að taka á tilteknum áhyggjuefnum. Að auki taldi hún að óviðunandi áhætta fyrir heilbrigði manna vegna blýs í hlutum úr pólývínýlklóríði væri enn fyrir hendi sem þarf að bregðast við á vettvangi Sambandsins. Í ljósi þessa ákvað framkvæmdastjórnin að breyta sumum ákvæðum í drögunum að reglugerðinni til að endurspegla þau rök sem þingið lagði fram og taka tillit til viðeigandi nýrra gagna sem bárust frá Efnastofnuninni og hagsmunaaðilum.
- 15) Framkvæmdastjórnin telur einkum að hvetja ætti til hreinnar endurvinnslutækni sem gerir það kleift að fjarlægja efni á útleið (e. *legacy substance*) sem gefa tilefni til áhyggna, þ.m.t. blý, úr pólývínýlklóríðúrgangi. Núverandi endurvinnslutækni getur þó dregið úr eignum á útleið en ekki alveg útrýmt þeim. Því er nauðsynlegt að fastsetja styrkleikamörk fyrir blý, sem nema 0,1% miðað við þyngd, ekki einungis fyrir setningu á markað heldur einnig fyrir notkun blýs og efnasambanda þess í pólývínýlklóríð til að bæði sé unnt að heimila setningu hluta á markað sem innihalda minna en 0,1% af blýi miðað við þyngd pólývínýlklóríðefniviðarins og áframhaldandi notkun í hluti úr pólývínýlklóríðefniviði sem innihalda blý undir þessum mörkum, s.s. pólývínýlklóríðefniviður sem er endurheimtur gegnum efnafraðilega endurvinnslu eða uppleysingu með leysi og inniheldur mjög lítið magn af blýi.
- 16) Til að takmarka yfirfærslu blýs í nýjar vörur ætti að fella undanþáguna fyrir hluti úr pólývínýlklóríði sem innihalda endurheimt sveigjanlegt pólývínýlklóríð brott úr drögunum að reglugerðinni. Rekstraraðilar ættu þó að fá frest í 24 mánuði til að aðlagast nýju kröfunum.
- 17) Þó ætti að mæla fyrir um undanþágu fyrir tiltekna hluti úr pólývínýlklóríði sem innihalda endurheimt stíft pólývínýlklóríð til að ná fram viðeigandi jafnvægi milli heildarávinnings til langs tíma af hringrásarnotkun þessara efniviða og heildaráhyggjuefna vegna heilbrigðis til langs tíma sem tengjast þessum endurheimta efniviði. Í kjölfar skýrslna frá iðnaðinum um að meðalstyrkur blýs í endurheimtu stífu pólývínýlklóríði sé undir 1,5% vegna venjubundinnar blöndunar úrgangs sem fellur til við framleiðslu og úrgangs frá neytendum ætti að lækka leyfð styrkleikamörk fyrir blý í endurheimtu stífu pólývínýlklóríði úr 2% í 1,5% miðað við þyngd. Til að koma í veg fyrir mögulega útskolun blýs og myndun ryks sem inniheldur blý ætti endurheimt stíft pólývínýlklóríð í hlutum með

⁽⁹⁾ Ályktun Evrópuþingsins frá 12. febrúar 2020 um drög að reglugerð framkvæmdastjórnarinnar um breytingu á XVII. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir að því er varðar efni (efnareglurnar (REACH)) að því er varðar blý og efnasambönd þess (Stjið. ESB C 294, 23.7.2021, bls. 2).

undanþágu að vera algjörlega umlukið lögum af nýlega framleiddu pólývínýlklóríði, endurheimtu pólývínýlklóríði eða öðrum hentugum efniviði sem inniheldur minna en 0,1% af blýi miðað við þyngd nema undanþegni hluturinn sé óaðgengilegur meðan á venjulegri notkun stendur. Að auki er framkvæmdastjórnin sammála þinginu um að stefna ætti hraðar að þeim ávinningum fyrir heilsuvernd sem nást fram með takmörkuninni. Af þessum sökum ætti að stytta tímalengd undanþágunnar úr 15 árum í 10 ár. Endurskoðun á undanþágunni ætti að fara fram eigi síðar en 5 árum eftir að takmörkunin öðlast gildi. Endurskoðunin ætti að innihalda sannprófun á þróun varðandi styrk blýs í endurheimtu pólývínýlklóríði, tiltækileika fullnægjandi afmengunartækni ásamt félagslegum og hagrænum áhrifum þess að fella undanþáguna brott, að teknu tilliti til áhættu fyrir heilbrigði manna og fyrir umhverfið.

- 18) Til að takmarka tilvist blýs úr endurheimtu stífu pólývínýlklóríði í tilteknum þekktum hlutum ætti einungis að nota stíft pólývínýlklóríð, sem er endurheimt úr prófilum og plötum í byggingum og mannvirkjum og inniheldur meira en 0,1% af blýi miðað við þyngd pólývínýlklóríðsins, til að framleiða nýja pólývínýlklóríðprófila og -plötur til notkunar í sama tilgangi. Ásamt viðeigandi kröfum um merkingar ætti þetta að tryggja sanngreiningu á vörum sem innihalda blý og auðvelda afmengunarstarfsemi í framtíðinni. Þetta ætti einnig að auðvelda sérstaka söfnun og endurvinnslu á pólývínýlklóríðrörum (sjaldan endurunnin sem stendur) þar eð framleiðendur röra sem nota sem stendur pólývínýlklóríð sem er endurheimt úr prófilum og plötum til að framleiða ný rör þurfa að skipta því út fyrir annars konar uppsprettu pólývínýlklóríðs. Hins vegar, til að gefa rekstraraðilum nægan tíma til að koma á sérstakri söfnun og endurvinnslu pólývínýlklóríðúrgangs, endurskipuleggja birgðakeðjur sínar og, ef þörf krefur, útvega endurheimt pólývínýlklóríð af öðrum uppruna en úr prófilum og plötum, ætti þessi skuldbinding að koma til framkvæmda 36 mánuðum eftir gildistöku þessarar reglugerðar.
- 19) Vegna framfylgdar og til að tryggja að fagmenn og neytendur séu nægilega vel upplýstir um mögulegar áhættur ætti að merkja hluti úr pólývínýlklóríði, sem innihalda endurheimt stíft pólývínýlklóríð, ef þeir innihalda blý í styrk sem er jafn eða meiri en 0,1% miðað við þyngd pólývínýlklóríðefniviðarins. Þetta ætti einnig að auðvelda sérstaka söfnun úrgangs sem inniheldur blý.
- 20) Að teknu tilliti til erfiðleika við að ákvarða hvort pólývínýlklóríð í hlutum komi úr endurheimt ættu birgjar hluta úr pólývínýlklóríði, sem njóta góðs af undanþágum sem tengjast innihaldinu í endurheimtu pólývínýlklóríði, að geta fært sönnur á að efniviðurinn komi úr endurheimt með því að leggja fram skjalfesta sönnun. Í Sambandinu eru nokkur vottunarkerfi, sem byggjast öll á tækniforskriftunum í EN 15343:2007⁽¹⁰⁾, til reiðu fyrir endurvinnslu aðila til stuðnings fullyrðingum um rekjanleika endurheimts pólývínýlklóríðs. Í ljósi þess að skortur er á hentugum hagnýtum aðferðum fyrir eftirlitsyfirvöld til að sannreyna fullyrðingar um endurheimt sem tengjast endurheimtu pólývínýlklóríði í innfluttum hlutum ætti að færa sönnur á slíkar fullyrðingar með vottun óháðs þriðja aðila.
- 21) Fella ætti sérstöku undanþáguna, sem áður var lögð til fyrir blýfastlitarefnin „blýsúlfókrómatgult“ og „blýkrómat-mólybdat-súlfatraut“, brott úr drögunum að reglugerðinni. Í ljósi nýlegrar dómaframkvæmdar⁽¹¹⁾ og þá ætlun Efnastofnunarinnar að leggja fram málsskjöl varðandi takmarkanir skv. 2. mgr. 69. gr. reglugerðar (EB) nr. 1907/2006 sem tengjast áhættum sem stafa af notkun þessara tveggja blýfastlitarefna telur framkvæmdastjórnin að þessi undanþága sé orðin óþörf.
- 22) Í ljósi lítilla áhætta og skorts á hentugum staðgöngukostum ætti að fastsetja undanþágu fyrir pólývínýlklóríð-kislskiljur (e. *PVC-silica separator*) í blýrafgeyma til 10 ára frá gildistöku þessarar reglugerðar en eftir það er búist við að hentugir staðgöngukostir verði tiltækir.
- 23) Til að komast hjá tvöfaldri reglusetningu ætti að mæla fyrir um undanþágu fyrir hluti sem falla nú þegar undir reglugerð (EB) nr. 1907/2006 eða aðra löggjöf Sambandsins þar sem settar eru reglur um blýinnihald í pólývínýlklóríði.

⁽¹⁰⁾ Staðall EN 15343:2007, „Plastics – Recycled Plastics – Plastics recycling traceability and assessment of conformity and recycled content“, sem Staðlasamtök Evrópu samþykktu 2. nóvember 2007.

⁽¹¹⁾ Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins gegn Konungsríkinu Svíþjóð, Mál C-389/19 P, ECLI:EU:C:2021:131.

- 24) Þar eð iðnaðurinn í Sambandinu hefur ekki notað blýstöðgara í pólývínýlklóríð síðan árið 2015 telst 18 mánaða tímabil fullnægjandi fyrir flesta rekstraraðila til að þeir geti aðlagast nýju kröfunum, ráðstafað birgðum sínum og miðlað viðeigandi upplýsingum um takmörkunina innan birgðakeðja sinna. Enn fremur ætti takmörkunin ekki að gilda um hluti úr pólývínýlklóríði sem hafa þegar verið settir á markað fyrir lok þessa tímabils þar eð slíkt myndi hafa í för með sér mikla erfiðleika í framfylgd.
- 25) Því ætti að breyta reglugerð (EB) nr. 1907/2006 til samræmis við það.
- 26) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót skv. 133. gr. reglugerðar (EB) nr. 1907/2006.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum XVII. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1907/2006 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 3. maí 2023.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

VIDAUKI

Eftirfarandi liðum er bætt við í 2. dálk í færslu 63 í XVII. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1907/2006:

	„15. Skal ekki setja á markað eða nota í hluti sem eru framleiddir úr fjölliðum eða samfjölliðum úr vínýlklóríði (PVC) ef styrkur blýs er jafn eða meiri en 0,1% miðað við þyngd pólývínýlklóríð-efniviðarins. 16. Ákvæði 15. liðar koma til framkvæmda frá og með 29. nóvember 2024. 17. Ákvæði 15. liðar gilda þó ekki fyrr en 28. maí 2025 um hluti úr pólývínýlklóríði sem innihalda endurheimt sveigjanlegt pólývínýlklóríð. 18. Ákvæði 15. liðar gilda þó ekki fyrr en 28. maí 2033 um eftirfarandi hluti úr pólývínýlklóríði sem innihalda endurheimt stíft pólývínýlklóríð ef styrkur blýs er lægri en 1,5% miðað við þyngd endurheimta stífa pólývínýlklóríðsins: a) prófíla og plötur til notkunar utanhúss í byggingum og mannvirkjum, að undanskildum veröndum og svölum, b) prófíla og plötur fyrir verandir og svalir, að því tilskildu að endurheimta pólývínýlklóríðið sé notað í miðjulag og sé algjörlega þakið lagi af pólývínýlklóríði eða öðrum efniviði þar sem styrkur blýs er lægri en 0,1% miðað við þyngd, c) prófíla og plötur til notkunar í lokuðum rýmum eða holrýmum í byggingum og mannvirkjum (ef þau eru óaðgengileg meðan á venjulegri notkun stendur, að undanskildu viðhaldi, t.d. kapalstokkar), d) prófíla og plötur til notkunar innanhúss, að því tilskildu að allt yfirborð prófílsins eða plötunnar sem snýr að vistarverum byggingar eftir uppsetningu sé framleitt með því að nota pólývínýlklóríð eða annan efnivið þar sem styrkur blýs er lægri en 0,1% miðað við þyngd, e) marglaga rör (að undanskildum rörum fyrir neysluvatn), að því tilskildu að endurheimta pólývínýlklóríðið sé notað í miðjulag og sé algjörlega þakið lagi af pólývínýlklóríði eða öðrum efniviði þar sem styrkur blýs er lægri en 0,1% miðað við þyngd, f) tengihluti, að undanskildum tengihlutum fyrir rör fyrir neysluvatn. Frá 28. maí 2026 skal einungis nota stíft pólývínýlklóríð, sem er endurheimt úr þeim flokkum hluta sem um getur í a- til d-lið, til framleiðslu á nýjum hlutum í þessum flokkum. Birgjar hluta úr pólývínýlklóríði sem innihalda endurheimt stíft pólývínýlklóríð með blýi í styrk sem er jafn eða meiri en 0,1% miðað við þyngd pólývínýlklóríðefniviðarins skulu tryggja, áður en þessir hlutir eru settir á markað, að þeir séu sýnilega, læsilega og óafmáanlega merktir með yfirlýsingunni: „Inniheldur ≥ 0,1% blý“. Ef ekki er unnt að setja merkingu á hlutinn vegna þess hvers eðlis hann er skal hún sett á umbúðir hlutarins. Birgjar hluta úr pólývínýlklóríði sem innihalda endurheimt stíft pólývínýlklóríð skulu leggja fyrir landsbundin eftirlitsyfirvöld, sé þess óskað, skjalfesta sönnun til að færa sönnur á fullyrðingar um að pólývínýlklóríðið í þessum hlutum komi úr endurheimt. Nota má vottorð sem eru gefin út úr kerfum til að sýna fram á rekjanleika og endurunnið innihald, s.s. þau sem eru þróuð samkvæmt EN 15343:2007 eða sambærilegum viðurkenndum stöðlum, til að færa sönnur á slíkar fullyrðingar varðandi hluti úr pólývínýlklóríði sem eru framleiddir í Sambandinu. Fullyrðingum sem varða það að pólývínýlklóríð í innfluttum hlutum komi úr endurheimt skal fylgja vottorð, sem óháður þriðji aðili gefur út, sem veitir jafngilda sönnun um rekjanleika og endurunnið innihald. Framkvæmdastjórnin skal endurskoða þessa málsgrein, eigi síðar en 28. maí 2028, í ljósi nýrra vísindalegra upplýsinga og, ef við á, breyta henni til samræmis við það. 19. Ákvæði 15. liðar gilda þó ekki um: a) pólývínýlklóríð-kískskiljur í blýrafgeymum fyrr en 28. maí 2033, b) hluti sem falla undir 1. lið, í samræmi við 2. til 5. lið, og undir 7. lið í samræmi við 8. og 10. lið, c) hluti sem falla innan gildissviðs: i. reglugerðar (EB) nr. 1935/2004, ii. tilskipunar 2011/65/ESB, iii. tilskipunar 94/62/EB, iv. tilskipunar 2009/48/EB. 20. Ákvæði 15. liðar gilda þó ekki um hluti úr pólývínýlklóríði sem settir eru á markað fyrir 28. nóvember 2024.“
--	--